

RÁÐSTEFNA 30. SEPTEMBER OG 1. OKTÓBER, 2026

Afbrot ungmenna

KALLAÐ EFTIR ÁGRIPUM

Kallað er eftir ágripum erinda fyrir 9. Löggæsla og samfélagið ráðstefnuna sem Rannsóknasetur í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri heldur miðvikudaginn 30. september og fimmtudaginn 1. október, 2026. Ráðstefnan er vettvangur þar sem fagfólk og fræðimenn reifa málefni löggæslu í víðri merkingu. Einstaklingar og hópar sem starfa á fræða- og/eða fagsviðum sem snerta löggæslu eru hvattir til þess að senda inn ágrip af erindum sem byggja á eigin rannsóknum og/eða starfi.

Lykilfyrirlesarar endurspeglar þema ráðstefnunnar sem í ár er **afbrot ungmenna** (e. youth crime). Afbrotatíðni eykst hratt á unglingsárum og nær að jafnaði hámarki á seint á unglingsaldri eða snemma á fullorðinsaldri. Mikilvægt er að skilja einkenni, umfang og helstu áhrifaþætti afbrota ungmenna svo bregðast megi rétt við og stemma stigu við frekari brotum.

Að gefnu tilefni óskum við sérstaklega eftir erindum sem lúta að afbrotum ungmenna en öll erindi sem snúa að löggæslu eru meira en velkomin. Sem fyrr segir er ráðstefnan hugsuð sem sameiginlegur vettvangur fyrir fræða- og fagfólk til þess að koma rannsóknum sínum og reynslu af löggæslu hérlandis sem erlendis á framfæri og deila með leikum sem lærðum.

Lykilfyrirlesarar verða kynntir síðar.

GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR:

- **Ráðstefnan fer fram í Miðborg Háskólans á Akureyri.** Ráðstefnan hefst stundvíslega kl. 9:00 þrítugasta september og lýkur kl. 13:00 fyrsta október.
- **Almenn erindi og fyrirspurnir** í kjölfarið skulu samtals ekki taka ekki lengri tíma en 25 mínútur. Ágrip af erindum (hámark 250 orð) skulu berast eigi síðar en mánudaginn 15. júní, 2026. *Ágripin skal senda á Guðmund Oddsson, prófessor í félagsfræði við HA og (goddsson@unak.is).*
- **Ráðstefnugjald er 10.500 krónur** á mann og eru ráðstefnugögn og kaffiveitingar innifaldar. Þátttakendur greiða sjálfir ferðakostnað, gistingu og mat. *Háskólanemar frá frítt á ráðstefnuna.*
- **Ráðstefnukvöldverður** verður að kvöldi miðvikudagsins 30. september.
- **Flugfélagið Icelandair** flýgur til Akureyrar, sjá flugáætlun á www.icelandair.is
- **Vefsíða:** [Löggæsla og samfélagið](#)
- **Viðburður á Facebook**

Hafið samband við **Guðmund Oddsson**, prófessor í félagsfræði við HA goddsson@unak.is; **vs. 460 8677** vanti frekari upplýsingar